



Skagafjörður

Ráðhúsinu, Skagfirðingabraut 21 • 550 Sauðárkróki • S: 455 6000 • F: 455 6001 • Netf: skagafjordur@skagafjordur.is • Kt.: 550698-2349 • Vsknr. 60077

Sjávarútvegs- og landbúnaðarráðuneytið
b.t. Hinriks Greipssonar
Skúlagötu 4
150 Reykjavík

SJÁVARÚTVEGS- OG LANDBÚNAÐARRÁÐUNEYTIÐ	
Skj.n.	10.7.2
Innk.	30. JAN. 2012
Átm.	HG
ESkj.	
Sl.R.	1110.0057

Sauðárkróki, 27.01. 2012
Nr. erindis: 1112411

Efni: Byggðakvóti fiskveiðiársins 2011-2012

Sveitarstjórn Sveitarfélagsins Skagafjarðar leggur til ákveðnar breytingar á reglugerð nr. 1182/2011 um úthlutun byggðakvóta til fiskiskipa á fiskveiðiarinu 2011-2012.

1. Nýtt ákvæði 4. grein reglugerðarinnar verður: „Hámarksúthlutun fiskiskipa yfir 50 brúttótonnum af því aflamarki sem fallið hefur innan viðkomandi byggðarlags verður 5 þorskígildistonn á skip.“
2. Sveitarstjórn leggur jafnframt til að upphaf 6. greinar reglugerðarinnar breytist og verði: „Fiskiskipum er skylt að landa til vinnslu í sveitarfélaginu að lágmarki 88% af því aflamarki sem þau fá úthlutað í gegnum byggðakvóta á tímabilinu...“ o.s.frv. Vinnsluskyldu verði aflétt að öðru leyti.
3. Þá leggur sveitarstjórn til að í 6. grein reglugerðarinnar komi ákvæði um að skylt sé að landa afla í því byggðarlagi / á þeim stað sem honum er úthlutað til innan sveitarfélagsins.
4. Ennfremur leggur sveitarstjórn til að sú skylda þeirra sem fá úthlutað byggðakvóta til að landa tvöföldu því magni sem þeir fá úthlutað til vinnslu, líkt og kveðið er á um í 6. grein reglugerðarinnar, verði felld niður.

Samþykkt á fundi sveitarstjórnar Sveitarfélagsins Skagafjarðar 25. janúar 2011.

Fyrsta tillagan að breytingu er til þess gerð að stuðla að jafnræði á milli aðilla og eflingu smábátaútgerðar í Skagafirði.


Tillaga tvö er tilkomin vegna þess að ekki er fiskvinnsla í öllum byggðarlögum Sveitarfélagsins Skagafjarðar þó þar sé úthlutað byggðakvóta og er því til þess ætluð að byggðakvótinn nýtist sem best til að efla atvinnu og verðmætasköpun í sveitarfélaginu. Þó er ekki farið fram á fulla vinnsluskyldu, m.a. þar sem ekki eru allar fisktegundir unnar innan sveitarfélagsins. Miðað er við hlutfall þorskígildiskílóa þeirra tegunda sem unnar eru í fiskvinnslu innan sveitarfélagsins.

Tillaga þrjú er sett fram til að mæta þeim tilmælum ráðuneytisins að þegar reglur um ráðstöfun byggðakvótans séu mótaðar verði horft til atvinnusköpunar. Með því að skylda löndun afla í því byggðarlagi eða á þeim stað þar sem honum er úthlutað innan sveitarfélagsins er verið að tryggja umsvif í því byggðarlagi / á þeim stað sem kvótanum er úthlutað innan sveitarfélagsins.

Hvað varðar afnám skilyrðis um tvöföldun löndunarskyldu þá eru aðstæður á leigumarkaði aflaheimilda nú um stundir þannig að ekki verður nema að litlu leyti unnt að nýta byggðakvótann í ákveðnum byggðarlögum innan sveitarfélagsins nema fallið verði frá þessu skilyrði. Reynsla úthlutunar byggðakvóta á síðasta fiskveiðiarí sýnir þetta glögglega.

Þetta tilkynnist hér með.

Virðingarfyllst,


Asta Pálmadóttir
sveitarstjóri